

Reykjavík, 7. október 2020

Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn við skýrslu samráðsfundarinnar: Að lifa með veirunni (mál nr. 180/2020)**

Samráðsfundurinn Að lifa með veirunni var til fyrirmyndar og er fullt tilefni til að hrósa heilbrigðisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og forsætisráðuneyti fyrir hann. Fundurinn er til þess fallinn að móta áherslur og leiðarljós sem mun vonandi nýtast í vinnunni gegn COVID-19 á næstu misserum.

Undirrituð, Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, var á meðal þátttakenda í samráðsvettvangi fundarins sem fjallaði um menningu, íþróttir og dægradvöl. Í skýrslu frá fundinum kemur fram að vinnuhópnum var mjög rætt um þörfina á því að koma á laggirnar sjálfstæðum launasjóði fyrir sviðslistafólk og aðra sem falla utan hefðbundinna úrræða vinnumarkaðarins.

Í hópnum var rætt um svipaðan sjóð og aðgerðir fyrir íþróttafólk enda staða listafólks og margra íþróttamanna og sér í lagi þjálfara með sambærilegum hætti. En skýrslan ber það því miður ekki með sér en Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ sátu fundinn fyrir hönd íþróttasamtaka. Vægi sviðslistafólks, leikara og tónlistarmanna meira í hópnum en fulltrúa íþróttahreyfingarinnar sem gæti skýrt ástæður þessa.

Við hjá UMFÍ teljum mikilvægt að koma þeim lagfæringum áleiðis með þessari umsögn og ójafnræðis sem við teljum að gæti í skýrslunni um hlut lista og íþróttar. Við kjósum að sá hlutur verði færður til betri vegar í samræmi við umræður í hópnum. Að sama skapi áréttum við mikilvægi þess að gripið verði til frekari aðgerða til þess að koma til móts við íþróttar- og ungmennastarf um allt land.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,  
framkvæmdastjóri UMFÍ